

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2018

1. Viðauki vegna samnings um lífeyrisauka aðildarfélaga ASÍ

Lagt er til að fjárheimildir sviða og skrifstofa Reykjavíkurborgar verði hækkaðar um 254.418 þ.kr. vegna sérstaks lífeyrisauka aðildarfélaga ASÍ. Breytingin verði fjármögnuð af liðnum launa- og starfsmannakostnaður, kostnaðarstað 09216, og hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxxx	Íþrótta- og tómstundasvið	Til	1.245
MOF	xxxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	775
SFS	xxxx	Skóla- og fristundasvið	Til	111.715
USK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið ES	Til	23.896
USKRK	xxxx	Umhverfis- og skipulagssvið AS	Til	18.251
VEL	xxxx	Velferðarsvið	Til	98.502
ÖNN	xxxx	Sameiginlegur kostnaður	Til	34
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-254.418
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2018 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Visað er í samninga Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi aðildarfélaga ASÍ sem samþykktur var í borgarráði þann 28. sept. 2017, sbr. mál R17090239, um viðbótariðgjald upp á 5,85% vegna sérstaks lífeyrisauka.

2. Viðauki vegna greiðslu sérstakra húsaleigubóta (VEL)

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs (VEL) hækki um 486.000 þ.kr. vegna greiðslu sérstakra húsaleigubóta til leigjenda Brynju, hússjóði Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ). Breytingin verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205, og verði færð á kostnaðarstað F1520, sérstakan húsnæðisstuðning (safn). Tillagan hefur eftirfarandi áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta árið 2018:

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
VEL	F1520	Sérstakur húsnæðisstuðningur (safn)	Kredit 486.000
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Debet -486.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar 2018 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs þann 3. maí 2018 var eftirfarandi tillaga borgarstjóra, dags. 2. maí 2018, samþykkt:

Með dómi Hæstaréttar í máli nr. 728/2015 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði verið óheimilt að synja umsækjenda um sérstakar húsaleigubætur á þeim forsendum að hann leigði íbúð af Brynju, hússjóði Öryrkjabandalagsins. Á grundvelli þessa dóms hefur nú þegar verið gengið frá greiðslum til allra þeirra sem eru í samskonar aðstæðum og umræddur dómur tekur til og uppfylla kröfur um greiðslur sérstakra húsaleigubóta að öðru leyti. Dómurinn tekur hins vegar ekki á því álitaefni hvort leigjendur Brynju, hússjóðs ÖBÍ, sem ekki höfðu lagt inn umsókn, ættu rétt til sérstakra húsaleigubóta. Því er lagt til að borgarráð samþykki að fela velferðarsviði Reykjavíkurborgar að afgreiða kröfur um greiðslu sérstakra húsaleigubóta frá leigjendum Brynju, hússjóðs ÖBÍ, án tillits til þess hvort að umsókn hafi legið fyrir, sbr. nánari umfjöllun í meðfylgjandi minnisblaði. Þá er einnig lagt til að velferðarsvið Reykjavíkurborgar greiði dráttarvexti til þeirra sem eiga rétt á greiðslum sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann án þess að gerð sé sérstök krafa um það. Jafnframt er lagt til að velferðarsvið leiti liðsinnis Öryrkjabandalagsins við að vekja athygli þeirra einstaklinga sem hugsanlega eiga rétt til greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann í samræmi við tillögu þessa. R17080174.

Þann 16. júní 2016 féll dómur Hæstaréttar í máli nr. 728/2015. Í málinu komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði verið óheimilt að synja umsækjanda um sérstakar húsaleigubætur á þeim forsendum að hann leigði íbúð af Brynju, hússjóði Öryrkjabandalags Íslands, en samkvæmt 3. gr. reglna Reykjavíkurborgar um félagslegar leiguíbúðir og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík var ekki unnt að fá slíkar bætur nema umsækjandi leigði húsnæði á almennum leigumarkaði eða væri í leiguíbúð á vegum Félagsbústaða hf. Að mati Hæstaréttar voru aðstæður leigjenda hjá Félagsbústöðum hf. og Brynju, hússjóðs Öryrkjabandalags Íslands sambærilegar þar sem um hliðstætt húsnæðisöryggi væri að ræða. Sú skylda hvíldi á Reykjavíkurborg sem sveitarfélagi að gæta þess við afgreiðslu á umsóknum um sérstakar húsaleigubætur samkvæmt 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 að ekki væri á umsækjendur hallað í samanburði við aðra íbúa sveitarfélagsins sem nytu þeirra bóta. Hefði Reykjavíkurborg ekki fullnægt þessari skyldu sinni á viðhlítandi hátt.

Með tillögu borgarstjóra, samþykkt í borgarráði 3. maí 2018, var velferðarsviði Reykjavíkurborgar falið að kanna rétt umræddra leigjenda til sérstakra húsaleigubóta afturvirkir frá júní 2012 í samræmi við þágildandi reglur og reikna dráttarvexti. Skoðun velferðarsviðs leiddi í ljós að um 520 heimili eigi rétt á afturvirkri greiðslu sérstakra húsaleigubóta. Heildarkostnaður þess er áætlaður um 403 mkr. sem samanstendur af 228 mkr. vegna greiðslu afturvirkra sérstakra húsaleigubóta og 175 mkr. vegna greiðslu dráttarvaxta.

Þá er fyrirhugað að kanna rétt framangreinds hóps til sérstaks húsnæðisstuðnings. Við gildistöku laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016 þann 1. janúar 2017 tóku jafnframt gildi reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning. Þeir einstaklingar sem uppfylltu skilyrði til sérstakra húsaleigubóta í árslok 2016 voru fluttir sjálfkrafa yfir í kerfi sérstaks húsnæðisstuðnings án þess að fram færi endurnýjun á mati á félagslegum aðstæðum. Það er mat velferðarsviðs að þeir einstaklingar sem eiga rétt á greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann og fengu greiddar sérstakar húsaleigubætur í árslok 2016 fái sambærilega meðferð og að framan greinin. Áætlað kostnaðarmat er um 66 mkr.

Í töflu 1 hér að neðan má sjá samantekt á áætluðum kostnaði við afgreiðslu velferðarsviðs í samræmi við tillögu borgarstjóra, samþykkt á fundi borgarráðs 3. maí 2018. Kostnaður við greiðslu sérstakra húsaleigubóta afturvirkir er reiknuð stærð samkvæmt skoðun velferðarsviðs á umræddum hópi. Kostnaður við greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings er áætluð stærð út frá forsendum kostnaðarmats. Þá er kostnaður vegna sérfræðivinnu áætluð um 17 mkr.

Tafla 1. Samantekt á kostnaðarmati vegna greiðslu sérstakra húsaleigubóta.

Kostnaðarmat, m.kr.	Greiðsla	Dráttarvextir	Samtals
Sérstakar húsaleigubætur (reiknað)	228.000	175.000	403.000
Sérstakur húsnæðisstuðningur (upphafl. kostn.mat)	60.000	6.000	66.000
Sérfræðivinna við mat á umsóknum (upphafl. kostn.mat)	17.000		17.000
Samtals	305.000	181.000	486.000

Kostnaður velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er því áætlaður um 486 mkr. vegna tillögu borgarstjóra sem samþykkt var á fundi borgarráðs þann 3. maí 2018.

Tillögurnar þarfnast samþykkis borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson

